



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 29. september, 2009
Ákvörðun nr. 32/2009

Kaup NBI hf. á Parlogis hf.

Þann 24. september sl. barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá vegna kaupa NBI hf. (hér eftir NBI) á Parlogis hf (hér eftir Parlogis) í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Fullnægði tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna.

Í samrunaskránni kemur fram að kaupin hafi farið fram með þeim hætti að NBI hafi leyst til sín allt hlutfé í Parlogis frá þrotabúi DM ehf. með kaupsamningi, dags. 7. september 2009.

Parlogis starfar á markaði fyrir vörustjórnun og býður viðskiptavinum sínum upp á þjónustu við birgðastýringu, innkaup, innflutning, tollafgreiðslu, geymslu, móttöku pantana, dreifingu innanlands, reikningagerð og innheimtu. Misjafnt er hversu víðtæka þjónustu viðskiptavinir fyrirtækisins kaupa. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í vörustjórnun fyrir heilbrigðisstofnanir, lyfjafyrirtæki og sérsverslanir með heilsutengdar vörur. Í samrunaskrá kemur fram að helsti keppinautur Parlogis sé lyfjadreifingarfyrirtækið Distica hf. sem tengist lyfjainnflutningsfyrirtækinu Vistor hf.

NBI er fyrirtæki sem tók við innlendum inneignum Landsbanka Íslands hf. sem og helstu eignum bankans sem tengdust innlendra starfsemi hans. NBI starfar á fjármálamarkaði og er að fullu í eigu íslenskra stjórnvalda. Samkvæmt upplýsingum frá NBI hefur bankinn ekki annarra hagsmuna að gæta á þeim mörkuðum sem um er að tefla.

Fyrirtækin tvö starfa samkvæmt framansögðu ekki á sama markaði.

Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna kaupa NBI hf. á Parlogis hf. á grundvelli samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson